

Skólaráð

Skólaráð Grunnskóla Grundarfjarðar kom saman í húsnaði skólans 11.5.2017 kl. 13:15

Mættir voru: Sigurður Gísli Guðjónsson skólastjóri, G. Björgvin Sigurbjörnsson aðstoðarskólastjóri, Dagbjörg Lína Kristjánsdóttir og Einar Þór Jóhannsson sem fulltrúar kennara, Þórdís Sigurðardóttir sem fulltrúi annars starfsfólks og Björg Ágústsdóttir sem fulltrúi foreldra. Loftur Árni Björgvinsson fulltrúi foreldra og Salbjörg Nóadóttir fulltrúi grenndarsamfélags boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði G. Björgvin aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

1. **Niðurstöður Skólapúlsins kynntar.** Sigurður kynnti helstu niðurstöður Skólapúlsins – nemendakönnun sem fór fram í apríl mánuði. Almenn ánægja með niðurstöður. Enga sérstaka umbótaáætlun þarf að gera.
2. **Styrkur.** Sigurður sagði frá því að sveitarfélagið hafði hlotið styrk frá Endurmenntunarsjóði til læsis. Styrkinn sótti Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga fyrir öll sveitarfélög.
3. **Teymiskennsla.** Sigurður sagði frá styrk sem skólinn hafði fengið fyrir breyttum kennsluháttum. Skólinn fékk styrk fyrir verkefnið „Á mörkum skólastiga“ þar sem teymiskennsla væri grundvöllur kennsluhátta.
4. **Starfsmannamál.** Sigurður lét vita að Unnur Birna Þórhallsdóttir yrði í námsleyfi næsta skólaár og að G. Þórdís Sigurðardóttir myndi hætta störfum eftir þetta skólaár. Staða bókasafnsfræðings yrði auglýst von síðar.
5. **Skóladagatal Grunnskóla Grundarfjarðar fyrir skólaárið 2017/2018 lagt fyrir.** Skólastjóri kynnti starfsáætlun og fór yfir helstu breytingar. Björg kom með fyrirspurn um ástæðu þess að hafa tvenna foreldraviðtalsdaga yfir árið og hvort ekki væri hægt að nýta þá daga betur. Bókað var á fundi að hafa einn foreldraviðtalsdaga á skóladagatali. Halda foreldraviðtalsdegi að hausti en fella niður þann síðari að vori og halda hefðbundinn skóladag þess í stað. Skóladagatal samþykkt af fulltrúum skólaráðs.
6. **Önnur mál.** Björg óskaði eftir umræðu um hvernig unnt væri að koma foreldrum betur inn í skólastarf barnanna. Rætt var um að efla samstarf grunnskóla við foreldra í þeim tilgangi að efla metnað nemenda til náms. Bókað á fundi að skoða þau mál hið fyrsta og athuga hvort hægt væri að byrja á auknu samstarfi næsta haust. Rætt um símanotkun nemenda og þá sérstaklega á unglingastigi. Sú tillaga rædd að búa til sérstök símahólf þar sem nemendur geyma símana sína á meðan kennslu stendur. Rætt um ávaxtastund og í framhaldi af því um heilsueflandi skóla. Góð umræða spratt upp en engar niðurstöður fengnar. Greina mátti söknuð eftir ávaxtastundum, þar sem nemendur fengu ávöxt að gjöf frá fyrirtækjum, sem hætti fyrir tveimur árum. Björg ræddi um skólastefnu skólans og hvernig hægt væri að gera það sýnilegri hvernig hún væri nýtt í starfi. Ákveðið að var að skoða það betur og það bókað.
7. **Vegvísir kennara.** Einar fór yfir vegvísir kennara þar sem unnið er að breytingum um hvernig gera mætti starfsaðstæður kennara þægilegri og betri. Vegvísir er unnin í



samstarfi við bæjarráð, þar sem skipuð hefur verið sérstök nefnd. Gengið var um skólann og fulltrúm skólaráðs sýnt hvað mætti laga í húsakosti skólans.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið 15:30.